



HAFNARFJÖRÐUR

Hafnarfirði, 22. október 2020

HS Veitur hf
b/t Júlíusar Jónssonar forstjóra
Brekkestíg 36
260 Reykjanesbær

Málsnr. **2010303**

Varðar: Uppsetningu og rekstur gatnalýsingar í Hafnarfirði

Erindi ykkar var lagt fram á fundi Umhverfis- og framkvæmdaráðs 21.okt sl.

Í framhaldi af fundinum var okkur falið að hefja viðræður við ykkur.

Mikilvægt er að tekin sé saman sem allra fyrst í afhendingarferlinu greina góð skýrsla um ástand gatnalýsingarkerfisins og fyrirliggjandi rekstrarverkefni. Einnig þarf að vera tryggt við afhendingu gatnalýsingarkerfisins að það sé þannig útbúið að hægt sé að reka það sem neysluveitu þ.e. að viðeigandi búnaður sé fyrir utan dreifistöð s.s. orkumælar og varnar- og stjórnþúnaður. Slíkt er mikilvægt svo að reksturinn sé ekki háður ykkar starfsemi. Fram til þessa hefur gatnalýsingarkerfið var hannað og rekið sem dreifiveita með öllum þeim reglum og eftirliti sem dreifiveitur búa við – en nú verður breyting á því.

Áður en við höldum fyrsta fund væri gott að fyrir lægi skýrsla um ástand gatnalýsingarkerfisins og mat á því hvort/hvenær kerfið er hæft til afhendingar fyrir viðhald og rekstur á almennum markaði. Ljóst er að áður en við getum tekið við viðhaldi á veitunni þarf góðan undirbúning og ýmsar framkvæmdir til að viðskilnaðurinn verði í lagi.

Virðingarfyllst,

Sigurður Haraldsson
SVIÐSSTJÓRI UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐS

Norðurhella 2 | 221 Hafnarfjörður | Sími 585 5500 | www.hafnarfjordur.is